

4. nóvember 2008

Memo
vegna ákvörðunar um bindandi gerðardómsmeðferð
varðandi ábyrgð íslenska ríkisins vegna innlánsreikninga í íslenskum bönkum erlendis.

1. Í ljósi áhættunnar fyrir Ísland af neikvæðri niðurstöðu gerðardóms tel ég afar óráðlegt að fallast á bindandi gerðardómsmeðferð. Hér eiga að sumu leyti við svipuð sjónarmið og réðu því að Ísland ákvað að viðurkenna ekki lögsögu Alþjóðadómstólsins í Haag í máli Bretlands gegn Íslandi í kjölfar útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 50 sjómílu árið 1972. Mér sýnist ljóst að Ísland hafi ekki efni á því að taka þá áhættu að vera bundið af niðurstöðu gerðardóms í málinu sem færi á versta veg. Til samanburðar getur Bretland væntanlega tekið slíka áhættu. Einsýnt er að það þjónar hagsmunum Íslands betur að aðilar komi sér saman um sáttaumleitan (e. conciliation) um málið en niðurstaða hennar er leiðbeinandi og ekki bindandi. Færi niðurstaða sáttanefndar á versta veg gætu íslensk stjórnvöld freistað þess að semja um hagfelldari niðurstöðu með skírskotun til neyðarsjónarmiða. Til samanburðar væru bresk stjórnvöld hins vegar líkleg til að una óhagstæðri niðurstöðu.

2. Í annan stað virðist ekki tryggt að gerðardómurinn sé skipaður hlutlausum einstaklingum eða þannig að jafnvægi ríki milli málsaðila. Almennu eru gerðardómar (og sáttanefndir) þannig skipaðir að aðilar tilnefna hvor sinn fulltrúa sem koma sér saman um þriðja gerðarmanninn sem verður jafnframt forseti dómsins.

3. Það vekur enn fremur undrun og tortryggni að ætlunin sé að ráða ágreiningnum til lykta á einum sólarhring, ekki síst þegar lítið er til hinna gífurlegu fjárhagslegu hagsmuna í málinu.

4. Sú spurning hlýtur að vakna í ljósi framangreindra atriða hvort til séu leiðir til að afturkalla umrædda ákvörðun. Hæpið virðist að skírskota til þess að fulltrúa Íslands hafi skort heimild að lögum til að fallast á áður nefnda málsmeðferð, t.d. vegna þess að samþykki Alþingis hafi verið áskilið. Hér verður að hafa í huga að sú efnislega skuldbinding sem felst í ábyrgð íslenska ríkisins vegna innlánsreikninga í íslenskum bönkum erlendis er þegar til staðar á grundvelli EES-gerðar sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt. Álitamálið snýst einungis um inntak þeirrar skuldbindingar og markmið ákvörðunarinnar um gerðardómsmeðferðina er að kveða upp úr um það. Sú leið kann hins vegar að vera fær að óska eftir afturköllun ákvörðunarinnar á pólitískum forsendum og fallast jafnframt á sáttaumleitan þar sem framangreindir annmarkar yrðu sniðnir af.

